



Ritstjórn Stúdentablaðsins “ Vér mótmælum allir”, Jón Hjartarson, Páll Bergþórsson og Árni Ársælsson

Bjarni Benediktsson Ritstjórn Stúdentablaðsins “ Vér mótmælum allir”, Jón Hjartarson, Páll Bergþórsson og Árni Ársælsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 2. apríl 1946.

Heiðraði alþingismaður.

Ritnefnd stúdentablaðsins "Vér mótmælum allir" vill vinsamlegast fara þess á leit við yður, að þér sendið henni svar við eftirfarandi spurningu:

Teljið þér, að Íslendingar eigi að veita nokkru erlendu ríki herstöðvar hér á landi?

Oss virðist nauðsynlegt, að skoðanir fulltrúa þjóðarinnar, hvers og eins, á þessu máli, komi skýrt fram, til þess að kjósendurnir fái að kynnast þeim, enda ætti þingmönnum ekki að vera það óljúft, ef álit þeirra á þessum efnum eru í samræmi við alþjóðarvilja, en sé svo ekki, er gott, að það komi fram í dagsljósið.

Svör yðar munum vér birta í blaði voru, "Vér mótmælum allir", ennfremur nöfn þeirra, sem engin svör gefa, ef einhverjir verða.

Vér ventum þess, að þér bregðizt vel við þessari beiðni og sendið svar yðar fyrir sunnud. 7. apríl 1946.

Bréf, samhljóða þessu, sendum vér öllum alþingismönnum.

Virðingarfyllst.

Ritstjórn stúdentablaðsins "Vér mótmælum allir".

Gamla Garði.

Þórn Hjaetason Arni Arsalsson
Páll Bergþórsson

Til
hr. alþingismanns

Bjarna Benediktssonar